

Finnsdóttur, kr. 203.36 og samtals kr. 1900.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. des. 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f.m., hefur Helga Finnsdóttir, Höfðaborg 43, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. nóv. s.l., gegn Ólafi F. Ólafssyni, Skipholti 27, hér í bæ, til greiðslu kaupeftirstöðva og orlofsfjár að fjárhæð kr. 1193.10 með 6% ársvöxtum af kr. 939.96 frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 320.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur F. Ólafsson, greiði stefnandi, Helgu Finnsdóttur, kr. 939.96 með 6% ársvöxtum frá 25. nóv. 1950 til greiðsludags, kr. 253.14 í orlofsfé og kr. 320.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. febrúar 1953.

Nr. 88/1951. **Póst- og símamálastjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Bjarna Guðjónssyni (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinnsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og hrl. Einar B. Guðmundsson.

Skaðabætur samkvæmt 20. gr. póstlaga nr. 31/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmanneyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. júlí 1951. Krefst hann aðallega sýknu, en til vara,

að honum verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 34.00 án vaxta. Svo krefst hann þess og, að málskostnaður í héraði verði felldur niður, en að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og frá er skýrt í héraðsdómi, var pósthöggull sá, er í málinu greinir, sendur með flugvélinni Glitfaxa og glataðist, er flugvélin fórst á leið frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur hinn 31. janúar 1951. Reisir áfrýjandi sýknukröfu sína á því, að böggulsendingin hafi glatazt vegna óviðráðanlegs atburðar (vis major), en pósthjórinn sé undanþegin skaðabótaskyldu, þegar svo stendur á, samkvæmt ákvæðum c-liðs 11. mgr. 20. gr. póstlaga nr. 31/1940. Um orsakir þess, að flugvélin Glitfaxi fórst, er alls óvíst, og er því ekki sannað, að slysið hafi stafað af atburðum, er leysi áfrýjanda undan skaðabótaskyldu samkvæmt nefndum c-lið 11. mgr. 20. gr. póstlaganna, sbr. 4. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 13/1925.

Böggulsendingunni fylgdi póstkrafa, svo sem í héraðsdómi getur, en póstkröfufjárhæðin verður ekki talin tilgreint verð á bögglinum í merkingu 8. mgr. 20. gr. póstlaganna. Á stefndi því aðeins rétt til samkvæmt nefndri mgr. 20. gr. að fá sendinguna bættu með 1 krónu fyrir hvert $\frac{1}{2}$ kg af þyngd hennar auk endurgreiðslu á burðargjaldi. Og þar sem sendingin er talin hafa vegið allt að 5 kg og burðargjaldið var kr. 24.00, ber áfrýjanda einungis að greiða stefnda kr. 34.00 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 1. júní 1951 til greiðsludags.

Þar sem ekki var sótt þing í héraði af hálfu áfrýjanda, ber honum að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 1900.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Póst- og símamálastjórnin, greiði stefnda, Bjarna Guðjónssyni, kr. 34.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júní 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1900.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 25. júní 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja eftir árangurslausu sáttaumleitun með stefnu, útgefinni 6. þ. m., birtri sama dag, af Jóni Hjaltasyni lögfræðing f. h. Bjarna Guðjónssonar málara, Bakkastíg 8, Vestmannaeyjum, á hendur Magnúsi Thorberg póstmeistara, Heimagötu 3A, Vestmannaeyjum, f. h. Póstafræðislaunnar í Vestmannaeyjum vegna póstmálastjórnar í Reykjavík, til greiðslu á andvirði póstkröfusedingar, er fórst með flugvélinni Glitföxa í janúarlok s.l., svo og til greiðslu málskostnaðar.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 624.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1951 til greiðsludags og öllum málskostnaði samkvæmt mati dómara eða framlögðum málskostnaðarreikningi, sem nemur að fjárhæð kr. 380.56.

Stefndi hefur ekki mætt né látið mæta og hefur honum þó verið löglega stefnt. Málið verður því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við fyrirmæli 118. gr. einkamálalaganna.

Málavexti kveður stefnandi þá, að Barði Friðriksson, lögfræðingur í Reykjavík, hafi beðið Jón Hjaltason, lögfræðing í Vestmannaeyjum, að velja handa sér málverk hjá stefnanda. Þetta hafi Jón gert og hafi verið málverksins verið ákveðið 600 kr., og hafi Barði samþykkt verðið og beðið um, að málverkið yrði sent sér í póstkröfu. Hinn 31. janúar s.l. póstlagði stefnandi málverkið og fékk kvittun á pósthúsinu hér, sem lögð hefur verið fram. Ræðir hún um póstkröfusedingu að upphæð kr. 624.00 til Barða Friðrikssonar, Tjarnargötu 16, Reykjavík. Af fjárhæðinni eru kr. 24.00 burðargjald. Póstkröfusedingin kom ekki til skila, og því til sönnunar hefur stefnandi lagt fram vottorð frá Barða Friðrikssyni, dags. 6. þ. m., og skýrir hann þar jafnframt frá, að hann hafi pantað málverk hjá stefnanda á þann hátt og fyrir það verið, sem fyrr getur. Kveðst stefnandi gera ráð fyrir, að póstkröfusedingin hafi farizt með flugvélinni Glitföxa, sem fórst hinn 31. janúar s.l., eða sama dag og málverkið var póstlagt. Telur stefnandi, að póstmálastjórninni beri tvímælalaus skylda til að greiða andvirði póstkröfusedingarinnar, þar sem hún glatadist í vörzlum hennar, og eru stefnukröfur málsins byggðar á því.

Í VI. kafla póstlaga nr. 31 frá 12. febr. 1940 ræðir um skaðabótaskyldu póststjórnarinnar og segir þar svo í 20. gr.:

„Glatist bréf með tilgreindu verði eða innihald þess að nokkru leyti, meðan það er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin skaðann, þó ekki fram yfir það, sem tilgreint er í bréfinu.

Týnist bögglasending eða skemmist eða glatist eitthvað af innihaldi hennar, meðan hún er í vörzlum póststjórnarinnar, bætir póststjórnin sendanda skaðann, þó ekki fram yfir 1 kr. fyrir hvert ½ kílógram af þyngd sendingarinnar með umbúðum. En hafi verið verið tilgreint, má heimta skaðabætur, eins og fyrr er sagt um bréf með tilgreindu verði.

Sé sendingin týnd með öllu, skal og borga aftur burðargjald það, sem greitt hefur verið.“

Samkvæmt þessum ákvæðum og þar eð stefnandi hefur sannað, að hann hafi afhent póstinum til flutnings umrætt málverk með tilgreindu verði og upplýst má telja, að póstsending þessi komst ekki til skila, heldur glataðist í vörzlum póstsins, virðist ljóst, að póststjórnin er skyld að greiða andvirði póstsendingarinnar ásamt burðargjaldi. Tilgreint verð hennar með burðargjaldi nam þeirri upphæð, sem krafizt er í máli þessu. Verður því niðurstaða málsins sú, að póststjórnin verður dæmd til þess að greiða stefnandanum hina umstefndu upphæð kr. 624.00 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi hinn 1. júní 1951 til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá M.F.Í., og nemur að upphæð kr. 380.56.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Magnús Thorberg f. h. Póstafrageiðslunnar í Vestmannaeyjum vegna Póstmálastjórnar, greiði stefnandanum, Jóni Hjalta-syni f. h. Bjarna Guðjónssonar, kr. 624.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 380.56 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. febrúar 1952.

Nr. 190/1952. **Trésmiðjan Víðir h/f** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Egill Sigurgeirsson)

og gagnsök

Dómendur:

Hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ármann Snævarr.

Stóreignaskattur. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1952. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að niður verði felldur stóreignaskattur samkvæmt lögum nr. 22/1950, er honum hefur verið gert að greiða og í málinu greinir.

Varakrafa: Að nefndur skattur verði ákveðinn kr. 16549.00.